

Aðili	inntak	viðbrögð
Brynjars Huldu Harðarson	veruleg neikvæði áhrif á dýralíf á svæðinu. Skipulags- og matsskýrsla er uppfyll af blekkingum og ósönnum rakalausum fullyrðingum . óska eftir samráði við íbúa. fjölgun íbúa til jafns við íbúa í 29 sveitarfélögum.	Svæðið hefur verið skilgreint sem uppbyggingarsvæði í aðalskipulagi síðan 2008. svæðið er stækkað lítillega til austurs og norðurs um samtals 4ha
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	vísar í umsögn um aðalskipulag sem skilað var í skipulagsgáttina þann 8. apríl sl., undir málnúmeri 0346/2024 fyrir reitinn:Tekið verði tillit til hávaða og mengandi útblæstri frá flugumferð. HES verði upplýst um fráveitumál	Taka þarf tillit til hljóðvistar. Kanna þarf dreifingu mengandi efna í útblæstri. Unnið er að endurnýjun og uppbyggingu fráveitu
Náttúrufræðistofnun Íslands	Stefnt er að því að leggja mat á gróðurfar, fuglalíf og jarðminjar. Náttúrufræðistofnun telur heppilegast að gera athuganir á vettvangi og sérstaklega er mikilvægt að leggja mat á þéttleika fuglavarps en máfategundir sem og mófuglar hafa nýtt svæðið og nálægt svæði til varps og meta þarf stöðu þess og umfang. Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum	Svæðið hefur verið skilgreint sem uppbyggingarsvæði í aðalskipulagi síðan 2008. En svæðið er stækkað til austurs og norðurs um samtals 4ha.
Brunavarnir Suðurnesja	Engar athugasemdir	Engin viðbrögð
Veðurstofa Íslands	Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við breytingar þessar.	Engin viðbrögð
Vegagerðin - Suðursvæð	Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn og gerir ekki athugasemdir við kynntar tillögur að svo stöddu.	Engin viðbrögð

Landhelgisgæsla Íslands	Í svæðisskipulagi Suðurnesja kröfur vegna málmklæðninga sem getið er í kafla 5 í almennum deiliskipulagsskilmálum deiliskipulagsins og nauðsynlegt er að fylgja eftir á byggingartíma. Vegna herflugs sem um völlinn fer er æskilegt að við gerð skipulaga, sérstaklega deiliskipulags séu gerðar miklar hljóðvistarkröfur til húsnæðis á svæði sem er í nálægð við flugvöllinn.	Í gildandi deiliskipulagi er tekið tillit til framkominna athugasemda LHG og svo verður áfram. Einnig verða hljóðvistarkröfur skoðaðar sérstaklega.
HS veitur	Mikilvægir innviðir á svæðinu og óskað er eftir nánu samráði. Kostnað við breytingar og uppbygging þarf að greiðast af lóðarhafa/sveitarfélagi. Skipulagráðgjafar viðhafi kostnaðargát. Meta þarf þörf uppbyggingar orkukerfis á svæðinu.	Haft verður samráð við HS veitur skipulag og framkvæmd. Reikna þarf kostnað við færslu og endurnýjun á móti tekjum HS veitna af tengingum og notkun. Byggingarmagn á svæðinu er í vinnslutillögu fjórfaldað. Byggja þarf upp veitukerfi til samræmis.